

Watson kaupir Actavis

Sameinað félag verður þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims

Bandaríska lyfjafyrirtækið Watson hefur gengið frá samningum um kaup á Actavis. Kaupverðið er samtals 4,25 milljarðar evra, eða um 700 milljarðar króna. Lang stærsti hluti þeirrar upphæðar felur í sér endurgreiðslu á lánum. Þar er Deutsche Bank stærsti lánardrottinn, en einnig áttu Landsbankinn, Straumur og Glitnir verulegra hagsmuna að gæta. Tugir milljarða króna renna til íslensku bankanna við þessa sölu. Í samningunum felst að Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, eignast hlut í sameinuðu félagi, en stærð þess hlutar ræðst af afkomu Actavis. Eftir kaupin verður sameinað félag þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki heims.

„Ég átti frumkvæði að samningum við Watson, stýrði þeim í höfn og er sáttur við niðurstöðuna,“ segir Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Novator. „Það lá beint við að kanna áhuga Watson á kaupum enda fjársterkt félag með öflugan rekstur og metnaðarfull markmið. Ég er sammála framtíðarsýn stjórnenda Watson og er sannfærður um að þetta sé rétt skref fyrir Actavis.“

Actavis breyttist á nokkrum árum úr íslensku lyfjaheildsölu Pharmaco, með veltu upp á 3,5 milljarða kr., í eitt af stærstu félögum á samheitalyfjamarkaði í heiminum, með um 10 þúsund starfsmenn í 40 löndum og veltu upp á 350 milljarða króna.

Skuldauppgjör á áætlun

Salan á Actavis er stór þáttur í skuldauppgjori Björgólfs Thors og Novators við lánardrottna sem skýrt var frá í júlí 2010. „Ég hef margsinnis bent á að það er ekki hægt að gera upp skuldir nema raunveruleg verðmæti liggi að baki,“ segir Björgólfur Thor. „Actavis er gríðarmikið fyrirtæki með starfsemi um allan heimog það var alltaf ljóst að það tæki tíma að koma fyrirtækinu í verð. Til allrar hamingju höfðu lánardrottnar allir skilning á því að ekki mætti flana að því verkefni og lögðu það í mínar hendur. Þess vegna fá þeir háar fjárhæðir endurgreiddar nú. Það er enginn efi í mínum huga að salan til Watson tryggir bestu hugsanlegu útkomu, öllum í hag. Ég hef alltaf stefnt að því að ljúka skuldauppgjori mínu með sóma og salan á Actavis er mikilvægur áfangi á þeirri leið. Uppgjörið gengur samkvæmt áætlun og eftir því samkomulagi sem náðist í júlí 2010.“

Alþjóðlega lögmannsstofan Linklaters veitti hluthöfum Actavis lögfræðilega ráðgjöf við samningagerðina, en Blackstone Advisory Partners veitti fjármálaráðgjöf.

Nánari upplýsingar veitir:
Ragnildur Sverrisdóttir
s. 777-3800